

um frv. til laga um byggingarsamvinnufélög.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Um afgreiðslu málsins hefur nefndin ekki orðið sammála.

Meiri hl. nefndarinnar gerir tillögur um meginbreytingar á frv. og kveður stuðning sinn við frv. mótast munu af því, hvernig þeim breytingartillögum reiðir af.

Við undirritaðir nefndarmenn mælum með samþykkt frv. með örfáum breytingum, en tillögum um þær verður lýst í lok þessa nefndarálits.

Frv. þetta var flutt á Alþingi 1967. Þá var því vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökum, að yfir stæði þá, árið 1968, heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar og því treyst, að endurskoðuninni yrði hraðað og henni á því ári lokið. Jafnframt, að við þessa endurskoðun yrði vandlega könnuð sú reynsla, sem fengizt hefði af starfsemi byggingarsamvinnufélaganna og þætti þeirra í lausn húsnæðisvandamála, með það fyrir augum að skapa félögum heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar. Svo mörg voru þau orð.

Eigi er vitað, hve langt heildarendurskoðun þeirri, sem heitið var fyrir nokkrum árum, er komið í dag. Þá er eigi fremur kunnugt, hvort sú endurskoðun hefur snert þann þátt í byggingarmálum, sem varðar byggingarsamvinnufélög og hina miklu þörf að skapa þeim félagsskap eðlilega og nauðsynlega starfsaðstöðu.

Kunnara er en frá þurfi að segja, hve mikilsverð sú fyrirgreiðsla og aðstoð hefur verið, sem byggingarsamvinnufélögin hafa veitt fjölda fólks um árabíl, ekki þá hvað sízt hinum efnaminni. En lengi og ekki sízt hin síðari ár hafa söluerfiðleikar á ríkistryggðum skuldabréfum byggingarsamvinnufélaganna hamlað mjög hagkvæmum rekstri og gengi þessa félagsforms. Starfsemi byggingarsamvinnufélaganna innan húsnæðismálakerfisins hefur samt sem áður haft þvilika þýðingu, að af opinberri hálfu ber að sýna henni fyllsta skilning og efla hana svo sem framast er kostur.

Í þessu frv. eru aðallega tvö nýmæli, sem sérstaklega má telja mikilsverð. Annað er það að tryggja byggingarsamvinnufélögum góða fyrirgreiðslu um hentugar lóðir og sveitarstjórnnum því gert að skyldu að láta félög þessi sitja fyrir um lóðaúthlutun. Sums staðar er talið, að allverulega hafi skort á, að sveitarstjórnir hafi veitt nægilega greiða og eðlilega aðstoð að þessu leyti. Sérstaklega mun slíkt hafa verið talsvert áberandi áður fyrr, en úr dregið upp á síðkastið og breyting orðið til bóta. Eigi að síður verður þetta nýmæli að teljast eiga fyllsta rétt.

Hið annað nýmæli er til þess ætlað að leysa að nokkru hið mikla fjármögnunarsvandamál byggingarsamvinnufélaga og skapa öruggan markað fyrir nokkurt magn skuldabréfa þeirra, sem félögin gefa út árlega og tryggð eru með ríkisábyrgð. Í frv. er því lagt til, að Seðlabanka Íslands sé gert að skyldu, ef þörf krefur, að kaupa árlega á nafnverði hin ríkistryggðu skuldabréf félaganna fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. króna.

Við lítum svo á, að brýn þörf sé þessarar fyrirgreiðslu af Seðlabankans hálfu, svo mikilsvarðandi verkefni sem hér þarf að vinna að. Þá er það ekki svo lítils virði, ef unnt væri um leið að styðja að atvinnuaukningu í byggingariðnaðinum á tímum atvinnuleysis og landflóttu af þess völdum.

Við teljum, að Seðlabankinn sé þess umkominn að standa undir þessari kvöð, ef vilji væri fyrir hendi. Einnig er það okkar skoðun, að eigi þyrfti bankinn þessa vegna að taka svo nærri sér, að hann brysti afl og yrði verulegum vandkvæðum bundið að sinna öðrum eigi síður mikilvægum verkefnum.

Umsögn Landsbankans hefur horizt um þetta umrædda ákvæði í frv. Þar segir m. a.:

„Seðlabankinn er efnislega mótfallinn umræddu ákvæði (þ. e. D-lið 4. gr.). Hann telur, að það hljóti að verða mat bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni, hvort bankinn veiti slíka fyrirgreiðslu, enda hlýtur slíkt að fara eftir peningalegum aðstæðum og efnahagsástandi á hverjum tíma.“

Í þessu máli viljum við leggja það undir dóm Alþingis, hvert sé mat þess á greindu ákvæði, og að nokkru reyna á það, hvort sú skoðun fái staðizt, að seðlabankastjórnin geti ætíð og hvernig sem á stendur ráðið um það, hvern fjárhagslegan styrk eða fyrirgreiðslu bankinn veitir hverju sinni, án hliðsjónar af mati Alþingis.

Við látum umsögn bankans að þessu leyti liggja milli hluta og mælum með samþykkt frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. C. Síðasti málsliður falli niður.
2. Við 4. gr. D. Í stað „B-lið“ komi: C-lið.
3. Við 7. gr. B. Niðurlagsorðin „ef hlutaðeigandi lánaflökkur óskar þess“ falli niður.

Alþingi, 17. marz 1970.

Björn Fr. Björnsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.